

Sveitarfélagið Dalabyggð
b.t. Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur, staðgengils sveitarstjóra

Eingöngu sent með tölvupósti á johanna@dalir.is

Reykjavík, 25. júlí 2023

Varðar: Erindi frá atvinnumálanefnd Dalabyggðar um ástand hitaveitu í Dalabyggð ásamt upplýsingum um faglegt utanumhald.

Félaginu barst svohljóðandi bókun frá 38. fundi atvinnumálanefndar Dalabyggðar:

2. 2305015 - Hitaveita Rarik í Dölum - fyrirspurn um viðhald og endurnýjun

Úrdráttur úr skýrslu ÍSOR vegna stöðu hitaveitna á Íslandi lögð fyrir (tvö súlurit og umfjöllun um Hitaveitu Rarik í Dalabyggð). Skýrslan sýnir að afkastageta borholna veitunnar í Reykjadal er töluvert umfram notkun og staða veitunnar skorar almennt vel í úttektinni. Dreifikerfið þarfnast viðhalds og ekki er til staðar stefna eða framtíðarsýn fyrir veituna.

Kristján kom inn á fundinn og nefndin ræddi ÍSOR skýrsluna og Hitaveitu Rarik í Dalabyggð sérstaklega.

Atvinnumálanefnd Dalabyggðar óskar eftir ítarlegri upplýsingum frá Rarik varðandi ástand dreifikerfis hitaveitu í Dalabyggð ásamt því að fá upplýsingar varðandi hvernig faglegu utanumhaldi er háttað. Nefndin kallar einnig eftir því að fá upplýsingar um hvort til sé áætlun um endurbætur og endurnýjun dreifikerfis á næstu mánuðum/árum.

Nefndin telur mikilvægt að komið sé í veg fyrir sóun í kerfinu s.s. vegna leka og mögulegar stórbilanir. Þá leggur nefndin áherslu á að til staðar sé búnaður og efni til viðgerða á dreifikerfi hitaveitunnar hjá starfsstöð í héraðinu, sérstaklega í neyð.

Hitaveitunni í Dalabyggð er vel við haldið með skýrum verkferlum um reglulegt viðhald samkvæmt viðhaldsáætlun hitaveitna hjá RARIK. Reglubundið viðhald felur í sér eftirlit og skoðanir á borholusvæðinu á tveggja vikna fresti þar sem fylgst er með búnaði og dælingu upp úr vinnsluholum í landi Grafar. Mánaðarlegar skoðanir fela í sér prufukeyrslur á varavélum ásamt öðrum ítarlegri viðhaldsverkefnum en þeim sem sinnt er í tveggja vikna skoðununum. Árlega er farið ítarlega yfir allan búnað hitaveitunnar og og farið í lagfæringar eða eftir atvikum útskipti á búnaði sem komið er slit í. Langtíma viðhald felur helst í sér standsetningar á djúpdælum í borholum og búnaði sem þeim fylgja. Að auki kaupir RARIK þjónustu frá ÍSOR til að sinna árlegu vinnslueftirliti fyrir veituna þar sem ítarlega er fylgst með efnasamsetningu vatnsins og vatnsbúskapnum á svæðinu.

Varðandi sóun á vatni og skoðunum á stofn- og dreifikerfi er framkvæmd lekaleit með hitamyndavél á dróna á fimm ára fresti. Skoðun fór fram 2021 sem sýndi að dreifikerfið og stofninn eru í ásættanlegu ástandi. Vart varð við tvo leka á stofni með mynduninni og var þegar farið í viðgerð á þeim. Myndunin gaf einnig til kynna að fylgjast þyrfti með einangrun á örfáum blettum en þó ekki þannig að aðhafast þyrfti frekar í því að svo stöddu. Niðurstöðurnar teljast að öllu leyti eðlilegar og í takti við önnur stofn- og dreifikerfi hjá hitaveitum RARIK.


Að auki við þættina sem nefndir eru hér að ofan hefur stjórnkerfi hitaveitunnar verið endurnýjað. RARIK stefnir jafnframt að því að hætta notkun hemla í dreifbýlinu í Dalabyggð og taka þess í stað upp hefðbunda orkumæla en hemlar geta því miður valdið orkusóun.

Varaefni fyrir hitaveituna mætti flokka í tvo flokka. Annars vegar smáefni eins og loka og hefðbundið lagnaefni sem er auðfánlegt frá birgjum og hinsvegar sérhæfðari búnað, með lengri afhendingartíma, sem halda þarf á lager. Dæmi um mikilvægan búnað sem ekki er auðfánlegur eru sjálfar djúpdælurnar og sk. "booster" dælar í dælustöðinni við Fellsenda. Rekstrarvara eða smáefni er til í starfsstöð RARIK í Búðardal og á öðrum lagerum RARIK, ný booster dæla er til og er staðsett í dælustöð hitaveitunnar í Dalabyggð, og stærra varaefni er til á hitaveitulagerum RARIK á Blönduósi og á Siglufirði.

Á næstu tveimur árum verður dælubúnaður tekinn upp úr holunum tveimur og skoðaður en þannig skoðun er að jafnaði framkvæmd á 8 – 10 ára fresti. Að teknu tilliti til ástands búnaðarins og eftirspurnar eftir heitu vatni verður ákvörðun tekin um endurnýjun eða uppgerð á dælunum og er samtal um það þegar í gangi við birgja búnaðarins.

Meðfylgjandi þessu bréfi (í viðhengi með tölvupóstinum) eru viðhaldsáætlun og viðbragðsáætlun RARIK fyrir hitaveitur.

Með vinsemd og virðingu,



Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri RARIK ohf.